


| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | EFRÆ1BV05 - N Námsáætlun haustönn 2019 | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 1 af 2 | | |

| | | | |
|----------------|--------------------|---------------|-----|
| Kennari | Bragi S. Óskarsson | Sk.st. | BSÓ |
|----------------|--------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Í áfanganum fær nemandinn yfirsýn yfir helstu efni og efnisflokka sem notaðir eru við bygginga- og mannvirkjagerð ásamt leiðsögn við rétt efnisval eftir verkefnum, aðstæðum og umhverfi. Fjallað er um tré sem smíðaeefni og uppbyggingu þess, plötuefni, festingar, steinsteypu, múr og múrefni, málma og bendistál, pípulagnaefni, plastefni, málningar- og spartlefni, fúgu- og þéttiefni, lím, einangrun, gler, þakefni, klæðningarefni, gólfefni og veggfóður. Gerð er grein fyrir uppruna efnanna, flokkun þeirra, merkingum, eiginleikum og hlutverki. Nemandinn kynnist viðfangsefnum og fagsviði húsasmiða, húsgagnasmiða, málara, múrara, pípulagningarmanna og dúklagningarmanna. Fjallað er um notkun helstu véla og verkfæra sem algengust eru í iðngreinum og farið yfir öryggismál.

Kennsla samanstendur af fyrirlestrum og verkefnavinnu þar sem nemendur afla sér upplýsinga með margvíslegu móti, t.d. með vinnustaðaheimsóknum og samtölum við fagaðila. Áfanginn er hluti af grunnnámi byggingagreina.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- byggingaefnum og notkunarviði þeirra
- flokkun byggingaefna og gæðum eftir tegundum
- sérstöðu og skörun verkþátta milli einstakra faggreina
- algengustu faghugtökum sem notuð eru innan hvernar fagstéttar
- mikilvægi fagmennsku og góðs handverks innan atvinnugreinanna
- mikilvægi samstarfs á milli fagstétta
- mikilvægi öryggismála

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- velja efni miðað við notkunargildi og aðstæður
- lesa flokkun efna (t.d. frá framleiðendum)
- greina hvaða efni má nota saman og hver ekki
- meðhöndla byggingaefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja byggingaefni til notkunar fyrir mismunandi verkefni innanhúss og utan
- nýta faghugtök í samræðu
- afla sér frekari þekkingar um viðfangsefni áfangans

Námsgögn:

Glærur, myndbönd og verkefni sem kennari leggur til.

| | | |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | EFRÆ1BV05 -N | |
| Síða 2 af 2 | Námsáætlun haustönn 2019 | |

Áætlun um yfirferð:

| Vika | | Verkefni |
|-------|-----------|---|
| 34 | 1 og 2 | Grundun og jarðefni - Verkefni |
| 35-36 | 3 | Steinsteypa - Verkefni |
| 37-38 | 4 | Tímur - Verkefni |
| 39-40 | 5 | Málmur - Verkefni Tímapróf 1 |
| 41 | 6 | Plast |
| 42 | 7, 8 og 9 | Bendistál - Verkefni |
| 43 | 10 | Einangrunarefni - Verkefni |
| 44 | 11 og 12 | Gler |
| 45 | 13 | Pípulagnaefni - Tímapróf 2 |
| 46 | 14 | Fúguefni |
| 47 | 15 og 16 | Þakefni |
| 48 | 17 | Gólfefni - Verkefni |
| 49 | 18 | Festingar - Tímapróf 3 |

Verkefni:


Námsmat og vægi námsþátta:

| Matsform: | <input checked="" type="checkbox"/> Símat | <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input type="checkbox"/> Lokaverkefni |
|------------------|--|--|---------------------------------------|
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþátta | Vægi | |
| Tímapróf | Þrjú tímapróf verða á önninni, hvert þeirra með 20% vægi. | 60% | |
| Verkefnavinna | Verkefni tengd hverjum kafla –Samtals: | 40% | |
| ATH! | Nemandi þarf að þreyta öll tímaprófin til að fá lokaekunn í áfanganum. | | |

Dagsetning:

21.10.2019


Undirritun kernara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils